

Þegar litið er til þess sem að framan er rakið verður að úrskurða kærðu í gæsluvarðhald, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um að kærða, A, verði vistuð á sjúkrahúsi, er synjað.

Varakrafa Rannsóknarlögreglu ríkisins er tekin til greina og skal kærða, A, sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 284/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Erni Eliassyni og

Báru Helgu Bjarnadóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Höfundaréttur. Bifreiðar. Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1987 af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu og ökuleyfisviptingu að því er ákærða Kristján Örn varðar, en til sakfellingar og ákvörðunar refsingar að því er snertir ákærðu Báru Helgu. Ákærði Kristján Örn hafði óskað áfrýjunar fyrir sitt leyti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins fyrir Hæstarétti var samningur milli CIC Video annars vegar og Háskólabíós og Laugarásbíós hins vegar, sem um ræðir í héraðsdómi, síðast framlengdur með bréfum

dags. 1. og 2. febrúar 1985, og þá um ótiltekinn tíma með uppsagnarrétti. Þykir ljóst að þeim rétti hafi ekki verið beitt fyrir þann tíma, sem hér skiptir máli. Hin umdeildu myndbönd eru auðkennd með nöfnum höfundarréttarhafa að hinni upphaflegu kvikmynd og að útgáfu hennar á myndbandi, eins og á er byggt í héraðsdómi, og gefa nægilega til kynna, að þau falli undir samninginn.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að beiðni um opinbera málshöfðun frá rétthöfum hafi verið nægilega fram komin. Með vísan til þess og annarra atvika þykja ekki efni til að vísa I. kafla ákæru frá dómi, svo sem ákærðu hafa krafist.

Með skírskotun til forsendna í héraðsdómi ber að staðfesta ákvæði hans um sakfellingu og heimfærslu brota ákærða Kristjáns Arnar samkvæmt I. kafla ákæru til refsíákvæða.

Samkvæmt sameignarfélagssamningi, er frammi liggur í málinu, áttu ákærðu að hálfu hvort Nýju Videóleiguna sf. Ákærða Bára Helga var þannig eigandi að fyrirtækinu og starfaði þar við útleigu myndbanda, en annaðist ekki útvegum þeirra til útleigustarfseminnar. Þótt ákærðu kæmu sér saman um slíka verkaskiptingu sín á milli í fyrirtækinu þykir það ekki firra ákærðu refsíabyrgð, eins og starfseminni var háttað. Gat henni ekki dulist, að hætta væri á brotum gegn einkarétti sem þeim er mál þetta tekur til. Ber því að sakfella hana með heimfærslu brota til sömu refsíákvæða og við eiga um brot ákærða Kristjáns Arnar.

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um umferðarlagabrot ákærða Kristjáns Arnar með þeirri athugasemd að brot hans varðar nú við 36. gr. 1. mgr. og 2. mgr. a. og 37. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem gildi tóku 1. mars sl. og dæma ber eftir í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Refsing ákærða Kristjáns Arnar fyrir þau brot, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu, þykir hæfilega ákveðin 50.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, er gjaldist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en verði ella afplánuð með varðhaldi 25 daga.

Ákærði Kristján Örn þykir samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hafa unnið til sviptingar ökuleyfis 6 mánuði. Með héraðsdómi var hann sviptur ökuleyfi 4 mánuði og hefur nú öðlast ökuleyfið á ný. Ber því að ákveða að ákærði verði sviptur ökuleyfinu 2 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærðu Báru Helgu fyrir brot hennar samkvæmt framan-sögðu þykir hæfilega ákveðin 10.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, er gjaldist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en verði ella af-plánuð með varðhaldi 5 daga.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um ónýtingu myndbanda og myndbandahylkja og þykir krafa um hana nægilega tilgreind í ákæruskjali.

Um sakarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Örn Eliasson, greiði 50.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 25 daga. Hann sæti sviptingu ökuleyfis í 6 mánuði samtals, þ.e. í 2 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða, Bára Helga Bjarnadóttir, greiði 10.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 5 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku myndbanda og myndbandahylkja eru staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest með þeirri breytingu að ákærða Bára Helga Bjarnadóttir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns eins og þau þar eru ákveðin og óskipt með ákærða Kristjáni Erni helming annars sakarkostnaðar en málsvarnarlaun hans. Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur, óskipt að 2/3 hlutum en ákærði Kristján Örn Eliasson einn að 1/3 hluta.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1987.

Ár 1987, föstudaginn 19. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 375-377/1987: Ákærvaldið gegn Báru Helgu Bjarnadóttur, X og Kristjáni Erni Eliassyni, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. júlí 1986, á hendur ákærðu, „Báru Helgu Bjarnadóttur, Skjólbraut 1, Kópavogi, fæddri 27. janúar (sic) í Reykjavík, X, ..., Reykjavík, ..., og Kristjáni Erni Eliassyni, Erluhólum 5, Reykjavík, fæddum 13. desember 1958 þar í borg, fyrir eftirgreind brot:

I.

Gegn ákærðu Báru Helgu og Kristjáni Erni fyrir að hafa á fyrri helmingi ársins 1985 sem eigendur Nýju Vídeóleigunnar sf., Grensásvegi 5, Reykjavík, ákærði Kristján Örn sem framkvæmdastjóri myndbandaleigunnar og ákærða Báru Helga sem starfsmaður hennar, haft til útleigu og leigt út úr myndbandaleigunni í heimildarleysi rétthafa og CIC-VIDEO eftirgreindar 48 kvikmyndir á 51 myndbandi, svo sem hér er nánar rakið:

<i>Nr.</i>	<i>Titill</i>	<i>Fjöldi</i>
1	STAYING ALIVE	1
2	PSYCHO	1
3	PSYCHO II	1
4	TRADING PLACES	1
5	All Night Long	1
6	THE GREEK TYCOON	1
7	PARADISE ALLEY	1
8	SNOKEY AND THE BANDIT II	2
9	SNOKEY AND THE BANDIT 3	1
10	AIRWOLF	1
11	SHENANDOAH	1
12	1941	1
13	Breakfast at Tiffany's	1
14	GUNFIGHT AT THE O.K.CORRAL	1
15	THE ELECTRIC HORSEMAN	1
16	DEAD MEN DON'T WEAR PLAID	1
17	ROMEO & JULIET	1
18	THE ANTAGONISTS	1
19	THE BIRDS	1
20	FOOTLOOSE	2
21	Silence of the North	1

<i>Nr.</i>	<i>Titill</i>	<i>Fjöldi</i>
22	Going Berserk	1
23	GREASE 2	1
24	THE BORDER	1
25	AIRPLANE	1
26	THE DAY OF THE JACKAL	2
27	Private School	1
28	PARTNERS	1
29	Xanadu	1
30	THE BEST LITTLE WHOREHOUSE IN TEXAS	1
31	AN OFFICER AND A GENTLEMAN	1
32	SUGARLAND EXPRESS	1
33	VIDEODROME	2
34	Villa Rides	kápa án spólu
35	EDDIE MACON'S RUN	1
36	Terms of Endearment	1
37	HUSTLE	1
38	FRENZY	1
39	The Great Waldo Pepper	1
40	THE GREAT GATSBY	1
41	THE EIGER SANCTION	1
42	UNCOMMON VALOUR	1
43	THE SEDUCTION OF JOE TYNAN	1
44	THE BRIDGES AT TOKO-RI	1
45	THE RED LIGHT STING	1
46	STREETS OF FIRE	1
47	Gangster Wars	1
48	PLAZA SUITE	1

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. tl. 2. mgr. 54. gr. höfundalaga nr. 73, 1972, sbr. lög nr. 78, 1984, sbr. 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með auglýsingu nr. 110, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið og auglýsingu nr. 82, 1956 um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt, sbr. 27. gr. laga nr. 13, 1905 um rithöfundarétt og prentarétt.

II.

Gegn ákærða Kristjáni Erni fyrir að aka miðvikudaginn 26. júní 1985 bifreiðinni R-67546 vestur Ártúnsbrekku og Miklubraut í Reykjavík með

yfir 130 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli frá Nesti við Ártúnsbrekku að Skeiðarvogi.

Telst þetta varða við 1. og 3. mgr., staflíði a og b, 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977, sbr. samþykkt nr. 318, 1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930.

III.

Gegn ákærðu X og Kristjáni Erni fyrir tékkalagabrot með því að hafa, í júlí 1985, í sameiningu staðið að útgáfu og notkun tveggja eftirgreindra innistæðulausra tékka á tékkareikning nr. 8998 við Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, með neðangreindum hætti:

1. Gegn ákærðu X fyrir að hafa gefið út tékka nr. 1728381 og 1728382 og afhent þá síðan meðákærða Kristjáni Erni án þess að fjárhæð þeirra væri tilgreind og þar með án þess að tryggja það að heildarfjárhæð tékkanna yrði ekki meiri en innistæða tékkareikningsins.

2. Gegn ákærða Kristjáni Erni fyrir að útfylla tékkana á tékkareikning nr. 8998 og að öðru leyti svo sem rakið verður og nota þá síðan til greiðslu skulda:

Nr. 1728381, kr. 22.607, dagsettur 1. júlí 1985, stílaður á og notaður til greiðslu skuldar við Þorfinn Egilsson hdl.

Nr. 1728382, kr. 43.180, dagsettur 8. júlí 1985, stílaður á og notaður til greiðslu skuldar við Bjarna Stefánsson hf.

Telst þetta varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

IV.

Dómkröfur:

Þess er krafist að:

1. Ákærðu verði dæmd til refsingar.

2. Ákærði Kristján Örn verði dæmdur til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

3. Ákærðu Bára Helga og Kristján Örn verði dæmd til að þola fyrir hönd Nýju Vídeóleigunnar sf. upptöku eða ónýtingu 51 myndbands og myndbandahylkis nr. 1-33 og 35-48 og myndbandahylkis nr. 34, sbr. lið I hér að framan, samkvæmt 55. gr. höfundalaga og/eða 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

4. Ákærðu verði dæmd til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I. kafli ákæru.

Með bréfi, dagsettu 19. júní 1985, kærði Björgvin Þorsteinsson hrl. eigendur Nýju Videóleigunnar, Grensásvegi 5, Reykjavík, ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur og Kristján Örn Elíasson, vegna ætlaðra brota þeirra á ákvæðum höfundalaga nr. 73, 1972 sbr. lög nr. 78, 1984. Setti lögmaðurinn fram kæru þessa f.h. Laugarásbíós og Háskólabíós, sem hann kvað hafa einkarétt til framleiðslu og dreifingar á öllu myndefni frá CIC-Video, 138-139, Picadilly, London, Englandi, samkvæmt samningi, dagsettum 11. desember 1981, sem framlengdur hafi verið árlega, síðast 2. febrúar 1985. Með kærinni fylgdu gögn þessu til stuðnings. Kvaðst lögmaðurinn hafa farið nýverið á ofangreinda myndbandaleigu ásamt mönnum frá framangreindum kvikmyndahúsum og skoðað það myndefni sem var á boðstólum á myndbandaleigunni, og þá komið í ljós að til útleigu hafi verið þar myndbönd með 50 kvikmyndum útgefnum af CIC-Video. Þessu til stuðnings fylgdi með kærinni listi yfir greindar kvikmyndir. Kvað lögmaðurinn eigendur myndbandaleigunnar ekki hafa öðlast rétt til að leigja þessar myndir út, þar eð þarna væri um að ræða myndir sem framleiddar væru og útgefnar af Háskólabíói og Laugarásbíói, enda myndirnar allar án íslensks texta og því fluttar inn frá Englandi af eigendum fyrir-tækisins.

Í samningi milli CIC-Video annars vegar og Háskólabíós og Laugarásbíós hins vegar, dagsettum 11. desember 1981, segir svo í 1. gr. hans í þýðingu Hersteins Pálssonar, löggilts skjalaþýðanda:

„Við (CIC Video, innskot dómsins) veitum yður (Háskólabíói og Laugarásbíói, innskot dómsins) hér með óskoraðan einkarétt á að kaupa af okkur fyrir fram áteknar myndbandssnældur með kvikmyndum, sem eru eign eða beint eða óbeint háðar umsjón bandarískra kvikmyndavera Paramounts og Universals („myndbandasnældurnar“) og hafa verið framleiddar og seldar af okkur í Hinu sameinaða konungsríki.“

2. gr. samningsins er svohljóðandi:

„Á því tímabili sem hefst við dagsetningu móttöku okkar á undirrituðu eintaki þessa bréfsamnings og lýkur 31. desember 1982 („tímabil“) hafið þér óskoraðan einkarétt á að leigja myndbandssnældurnar almenningi til heimanotkunar í landinu Íslandi einu.“

Samkvæmt 4. gr. samningsins fallast Háskólabíói og Laugarásbíói síðan á að beita öllum nauðsynlegum úrræðum til að hindra óheimila fjölföldun, sölu, leigu og/eða opinberan flutning, útsendingu eða sýningu á Íslandi á áteknum myndbandssnældum, sem hafa inni að halda kvikmyndir frá Paramount og Universal á gildistíma samningsins.

Samningur þessi hefur svo verið framlengdur árlega og samkvæmt gögnum málsins síðast 2. febrúar 1985.

Samkvæmt ljósriti af tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur, dagsettri 6. janúar 1984, var félagið Nýja Vídeóleigan sf. stofnað þann dag og eigendur með ótakmarkaðri ábyrgð ákærðu í máli þessu. Samkvæmt tilkynningunni rita bæði ákærðu firmað og hafa prókúruumboð fyrir það.

Þá hefur verið lagður fram í málinu sameignarfélagssamningur milli ákærðu, þar sem fram kemur m.a. að bæði ákærðu eiga jafnan hlut og bera jafna ábyrgð í félaginu.

Með úrskurði þann 16. júlí 1985 heimilaði sakadómur Reykjavíkur samkvæmt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins húsleit í húsakynnum Nýju Vídeóleigunnar og að leggja mætti hald á myndbönd frá CIC Video, nema fyrrsvarsmenn myndbandaleigunnar gætu sýnt fram á í formi samnings að þeir ættu útleigurétt hér á landi á myndböndunum.

Lagði rannsóknarlögreglan hald á 51 myndband, en í eina kápu sem lögreglan lagði hald á vantaði myndbandið. Var þarna um að ræða þær 48 kvikmyndir sem taldar eru upp í ákæruskjali.

Ákærði Kristján Örn var yfirheyrður um málið hjá rannsóknarlögreglunni hinn 18. júlí 1985. Ákærði kvaðst vera framkvæmdastjóri fyrrgreindrar myndbandaleigu og sjá um fjármál og allar útréttingar fyrir hana, þ. á m. útvegum efnis. Kvað ákærði meðákærðu, móður sína, einungis sjá um afgreiðslu ásamt öðru starfsfólki. Borinn var undir ákærða listi yfir þau myndbönd sem greinir á ákæruskjali, og kvað ákærði hann vera réttan, enda hafi hann verið viðstaddur húsleitina og fylgst með hvaða myndbönd voru tekin. Ákærði kvaðst hafa farið sjálfur til Englands og keypt þessi myndbönd aðallega í þremur verslunum í London. Ákærði kvaðst hafa komið með myndböndin til Íslands í ferðatöskum. Kvaðst ákærði hafa farið nokkrar ferðir og framvísað nótum eða látið tollyfirvöld á Keflavíkurflugvelli fá töskurnar til að tollafgreiða. Ákærði kvaðst svo hafa fengið töskurnar með myndunum afgreiddar í tollbúðinni við Tryggvagötu þegar hann greiddi toll af þeim samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda hvert skipti.

Ákærði taldi sér heimilt að leigja framangreind myndbönd út og merkt voru framleiðandanum CIC Video. Kvaðst ákærði ekki hafa haldið því leyndu fyrir þeim sem hann keypti myndböndin af í Englandi að hann ætlaði að nota myndirnar á myndbandaleigu sinni á Íslandi. Kvað ákærði að sér hafi ekki verið kunnugt um að einhver hefði rétt til dreifingar á myndum frá CIC Video á Íslandi, enda hefði hann ekki séð neina auglýsingu um það. Ákærði kvað ekki vera sérstakar merkingar á myndböndum þeim frá CIC Video, sem hann keypti í Englandi, í þá átt að þau meggi ekki leigja út, og standi ekki annað á myndböndunum en að þau meggi ekki sýna á opinberum stöðum, í kapalkerfum o.s.frv.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa sem annar eigandi og framkvæmdastjóri umræddrar myndbandaleigu haft til útleigu á fyrri hluta árs-

ins 1985 þær 48 kvikmyndir á 51 myndbandi frá CIC Video sem taldar eru upp í ákæruskjali. Að öðru leyti vísaði ákærði til framburðar síns hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og taldi sér hafa verið heimilt að leigja kvikmyndirnar út.

Ákærða Bára Helga Bjarnadóttir skýrði svo frá við rannsókn málsins að hún hafi aðeins afgreitt myndbönd á myndbandaleigu sinni, en með-ákærði Kristján Örn hafi algerlega séð um reksturinn. Kvaðst ákærða ekki hafa komið nálægt bókhaldi eða útvegum efnis. Ákærða kvaðst ekki hafa vitað hvaðan það efni sem til útleigu var á myndbandaleigunni hafi komið og þá ekki hvort eitthvað efni væri frá CIC Video. Ákærða kvað kvikmyndir hafa verið leigðar á því tímabili sem hér er um að ræða fyrir 120 krónur miðað við sólarhring.

Við meðferð málsins kvaðst ákærða kannast við að vera annar eigandi Nýju Videóleigunnar sf. hér í borg og kvað fyrirtækið hafa tekið til starfa einhvern tíma í nóvember 1984. Ákærða kvaðst hafa verið starfsmaður myndbandaleigunnar og haft með höndum almenn afgreiðslustörf, en ekki séð að neinu leyti um útvegum myndbanda. Ákærða kvaðst kannast við sumar af þeim myndum sem taldar eru upp í ákæruskjali og taldi líklegt að þær hefðu verið leigðar út á fyrri hluta ársins 1985.

Verjandi ákærðu hefur krafist þess aðallega að ákærkafla þessum verði vísað frá dómi, en til vara að ákærðu verði sýknuð af kröfum ákæruvaldsins. Þá krefst hann þess einnig aðallega að upptökukröfu ákæruvaldsins verði vísað frá dómi, en til vara að ákærðu verði sýknuð af henni.

Í fyrsta lagi rökstyður verjandinn aðalkröfu sína með því að ætlaðir rétt-hafar í máli þessu hafi ekki krafist formlega opinberrar málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 59. gr. höfundalaga nr. 73, 1972, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 78, 1984. Þá telur verjandinn að mörg þau lagaákvæði sem vitnað sé til í ákæru séu úr gildi fallin. Að lokum hefur verjandinn bent á að ekki liggi fyrir í málinu heimild CIC Video um framsal á höfundarétti til annarra frá Universal og Paramount, en samkvæmt 2. mgr. 28. gr. höfundalaganna sé framsalhafa ekki heimilt að framselja höfundaréttinn án samþykkis höfundar.

Þá telur verjandinn að ákæruvaldið geti eigi krafist annaðhvort upptöku eða ónýtingar. Sé sú krafa ákæruvaldsins svo óljós að henni beri að vísa frá dómi.

Það er álit dómsins að skilja verði framangreinda kæru Björgvins Þorsteinssonar hrl. f.h. Háskólabíós og Laugarásbíós, sem að framan getur, sem kröfu um opinbera málshöfðun. Það sé síðan ákæruvaldsins að meta hvort mál verði höfðað eður ei. Varðandi það að tilvitnuð lagaákvæði í ákærkaflanum séu úr gildi fallin er það rétt að með 64. gr. höfundalaganna frá 1972 voru lög nr. 13, 1905 um rithöfundarétt og prentarétt og

lög nr. 11, 1956 um breyting á þeim lögum felld úr gildi, en önnur tilvitnuð lagaákvæði eru í gildi. Að lokum er það mat dómsins að nægjanlegt sé til úrlausnar í máli þessu að leggja fram samning þann milli kæranda og CIC Video sem að framan getur, enda telst höfundur verks sá er nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti uns annað reynist, sbr. 1. mgr. 8. gr. höfundalaganna.

Samkvæmt framansögðu er frávísunarkröfu verjandans hafnað.

Krafa ákærðuvaldsins um upptöku eða ónýtingu þykir heldur eigi haldin neinum þeim annmörkum að frávísun varði, og er þeirri kröfu verjandans einnig hafnað.

Í máli þessu hefur verið lagður fram samningur milli CIC Video, 138-139, Picadilly, London, Englandi, annars vegar og Háskólabíós og Laugarásbíós hins vegar, dagsettur 11. desember 1981, sem framlengdur hefur verið árlega eftir það og samkvæmt gögnum málsins síðast 2. febrúar 1985, þar sem fram kemur að Háskólabíó og Laugarásbíó hafi einkarétt hérlandis til framleiðslu og dreifingar á öllu myndefni frá CIC Video. Upplýst er í málinu að ákærði Kristján Örn keypti þau myndbönd sem mál þetta varða í London, Englandi, en þau bera það öll með sér að vera framleidd af CIC Video, að þau séu eingöngu ætluð til einkanotkunar og að hvers konar dreifing, þar með talin útleiga, sé stranglega bönnuð. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. höfundalaga nr. 73, 1972 telst höfundur verks sá, uns annað reynist, sem nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti, og gildir þetta einnig um framleiðanda kvikmynda.

Samkvæmt fylgiskjali nr. II með auglýsingu nr. 110, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74, 1947 um sama efni, er Bretland eitt þeirra ríkja sem er aðili að Bernarsáttmálanum, en samkvæmt 1. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með sáttmálanum, skulu höfundar hvers sambandslands að upprunalandi verksins undanskildu njóta þess réttar sem nú er eða síðar kann að verða heimilaður innlendum höfundum í lögum, og í 2. tl. sömu greinar er kveðið svo á að höfundar skuli njóta ofangreindra réttinda án nokkurra formskilyrða, hvort sem um vernd er að ræða í upprunalandi verkanna eða ekki.

Ákærða Bára Helga hefur alfarið neitað að hafa komið nálægt rekstri Nýju Videóleigunnar sf. að öðru leyti en því að hún kveðst hafa annast almenn afgreiðslustörf í fyrirtækinu, þ.m.t. útleigu myndbanda. Kveðst hún ekki hafa haft hugmynd um, hvar efnis var aflað og hvort það var frá CIC Video eða einhverjum öðrum. Kvað hún meðákærða Kristján Örn hafa alfarið séð um rekstur fyrirtækisins og þar á meðal útvegum efnis. Fær þessi framburður ákærðu fulla stöð í framburði meðákærða Kristjáns Arnar. Það er álit dómsins að eigi sé grundvöllur, eins og hér stendur á, til að sakfella ákærðu Báru Helgu samkvæmt ákærukafla þessum, þar sem

telja verði að huglæg refsiskilyrði skorti til þess. Hlutlæg refsíabyrgð kemur hér heldur eigi til greina. Samkvæmt framansögðu er ákærða Bára Helga Bjarnadóttir sýknuð af refsikröfu ákærvaldsins í máli þessu.

Ákærði Kristján Örn hefur viðurkennt að hafa keypt myndbönd þau er mál þetta varða í Englandi og að hafa flutt þau til landsins og haft til útleigu á Nýju Vídeóleigunni á fyrri hluta ársins 1985. Þykir ákærði ekki hafa sýnt fram á að hann hafi haft rétt til að leigja kvikmyndir á myndböndum þessum út hérlendis, enda í ljós leitt að Háskólabíó og Laugarásbíó hafi haft einkarétt til dreifingar á öllu myndefni frá CIC Video hér á landi frá 11. desember 1981. Þykir ákærði því með háttsemi sinni hafa brotið gegn 3. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. höfundalaga, nr. 73, 1972, sbr. 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með auglýsingu nr. 110, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74, 1947 um sama efni og auglýsingu nr. 82, 1956 um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt.

Eftir framangreindum úrslitum þykir rétt að dæma ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur og Kristján Örn Eliasson til að þola fyrir hönd Nýju Vídeóleigunnar sf. samkvæmt 2. mgr. 55. gr. höfundalaga ónýtingu 51 myndbands og myndbandahylkis nr. 1-33 og 35-48 og myndbandahylkis nr. 34, sem talin eru upp í ákærukafla þessum.

II. kafla ákæru.

Kl. 22.15 að kvöldi miðvikudagsins 26. júní 1985 veittu lögreglumennirnir Sigurður Steingrímsson, Smári Jónsson og Svavar Kristinsson, sem voru í lögreglubifreiðinni R-20024, athygli bifreiðinni R-67546 þar sem henni var ekið suður Höfðabakka og beygt vestur Vesturlandsveg. Samkvæmt skýrslu Smára Jónssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, mætti nefnd bifreið lögreglubifreiðinni R-20014 sem ekið var austur Vesturlandsveg, skammt austan við Nesti á Ártúnshöfða. Eftir að bifreiðarnar höfðu mæst var hraði bifreiðarinnar R-67546 aukinn verulega og henni ekið á ofsahraða vestur Ártúnsbrekku og Miklubraut að gatnamótum Skeiðarvogs. Var lögreglubifreiðinni R-20024 ekið á eftir bifreiðinni, og á vegarakafla í Ártúnsbrekku og vestur Miklubraut var lögreglubifreiðinni ekið með 130 km hraða miðað við klukkustund, en þá dró sjáanlega í sundur með bifreiðunum. Við eftirförina voru notuð rauð aðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar. Við gatnamót Skeiðarvogs og Miklubrautar var bifreiðinni R-67546 beygt norður Skeiðarvog og síðan ekið vestur Suðurlandsbraut, beygt norður Álfheima og stöðvuð við Álfheimamarkaðinn. Er haft var tal af ákærða, sem var ökumaður bifreiðarinnar R-67546, kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni með 50 km hraða miðað við klukkustund umrædda leið. Farþegi í bifreiðinni, Baldur Þór Baldursson, kvaðst hafa fylgst með hraðamæli hennar og hafi hann sýnt 50 km miðað við klukkustund. Er aksturinn

átti sér stað var samkvæmt lögregluskýrslunni rigning og akbraut blaut og hál.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 29. október 1985. Ákærði kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni R-67546 ofangreinda leið umrætt sinn. Ákærði kvaðst aldrei hafa ekið bifreiðinni hraðar en 50 km miðað við klukkustund. Taldi ákærði lögreglumennina hafa tekið ranga bifreið og neitaði öllum sakargiftum.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni R-67546 þá leið sem greinir í ákæruskjali umrætt sinn. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni á um 50 km hraða miðað við klukkustund á vegarkaflanum frá Nesti við Ártúnsbrekku að Skeiðarvogi.

Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra vitna, sem yfirheyrð hafa verið vegna máls þessa.

Smári Jónsson, fyrrverandi lögreglumaður, skýrði svo frá við rannsókn málsins að hann hefði verið í lögreglubifreiðinni R-20024 greint sinn, ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, á leið vestur Vesturlandsveg. Var ein bifreið á milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðarinnar R-67546 og hraði í alla staði eðlilegur. Er bifreiðarnar voru á móts við Nesti, sem er að sunnanverðu við Vesturlandsveginn, kom lögreglubifreiðin R-20014 á móti, en er hún var farin framhjá, tók bifreiðin R-67546 mikið viðbragð og jók hraðann mikið. Veittu lögreglumennirnir bifreiðinni eftirför og óku henni á 130 km hraða miðað við klukkustund með rauðum aðvörunarljósum frá Ártúnsbrekku og langleiðina að Skeiðarvogi, en þá dró heldur í sundur með bifreiðunum. Var bifreiðinni R-67546 beygt norður Skeiðarvog og síðan vestur Suðurlandsbraut og inn í Álfheima, þar sem ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, stöðvaði bireiðina. Er haft var tal af ákærða hélt hann því fram að hafa ekki orðið var við lögreglubifreiðina og kvaðst ekki hafa ekið hraðar en 50 km miðað við klukkustund þá leið sem mæling var framkvæmd á. Vitnið kvað að rigning hafi verið er aksturinn fór fram og gatan því blaut.

Vitnið kom fyrir dóm 11. mars sl. og staðfesti ofangreindan framburð sinn en mundi óglögt eftir málavöxtum.

Sigurður Skagfjörð Steingrímsson lögreglumaður kvaðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar R-20024 greint sinn. Kvaðst vitnið hafa fylgst vel með hraðamæli lögreglubifreiðarinnar. Sýndi hraðamælirinn 130 km hraða miðað við klukkustund á vegarkafla vestur Vesturlandsveg og Miklubraut að Skeiðarvogi, en þá hafi dregið í sundur með lögreglubifreiðinni og bifreiðinni R-67546. Beygði ökumaður síðarnefndu bifreiðarinnar henni norður Skeiðarvog. Kvað vitnið að bifreiðin hafi ekki verið stöðvuð við stöðvunarskyldumerki á gatnamótum Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar. Hafi lögreglumennirnir síðan náð tali af ökumanninum, ákærða í málinu,

við kvöldsölu sem er í Álfheimum við Langholtsveg. Hafi komið fram í viðræðum við ákærða að hann hafi ekki vitað af lögreglubifreiðinni fyrir aftan, en vitnið gat þess að rauð aðvörunarljós hafi verið á lögreglubifreiðinni við eftirförina. Hélt ákærði því staðfastlega fram að hann hafi ekið nefnda leið með 50 km hraða miðað við klukkustund. Kvað vitnið rigningu hafa verið greint sinn og akbraut hafi verið blaut og hál.

Vitnið kom fyrir dóm út af málinu 11. mars sl. og staðfesti þennan framburð sinn. Vitnið kvaðst muna óglögg eftir málinu. Vitnið mundi ekki hver hraði bifreiðar ákærða var greint sinn, en mundi þó að hann var verulegur og að lögreglubifreiðin hafi átt fullt í fangi með að halda í við hana. Kvað vitnið að engin bifreið hafi hindrað eftirför lögreglubifreiðarinnar mældan vegarkafli.

Svavar Kristinsson lögreglumaður skýrði svo frá við rannsókn máls þessa að hann hefði umrætt sinn verið í lögreglubifreiðinni R-20024 ásamt framangreindum lögreglumönnum, og hefði lögreglubifreiðin verið á Höfðabakka á móts við fyrirtækið Bílvang, er vitnið veitti athygli bifreiðinni R-67546 sem ekið var suður Höfðabakka og vestur Vesturlandsveg, og var bifreiðinni ekki ekið neitt óeðlilega hratt. Er bifreiðin var á móts við Nesti, sem er að sunnanverðu við Vesturlandsveg, var hraði hennar nokkuð mikill. Síðan var hraðinn aukinn jafnt og þétt. Tendruðu lögreglumennirnir rauð ljós á lögreglubifreiðinni og veittu bifreiðinni eftirför. Var lögreglubifreiðinni ekið á 130 km hraða miðað við klukkustund á eftir nefndri bifreið, en í sundur dró með bifreiðunum. Kvað vitnið að bifreiðinni R-67546 hafi verið ekið með þessum hraða allt frá Ártúnshöfða eftir Miklubraut og að Skeiðarvogi, en þar hafi henni verið beygt norður þá götu og síðan vestur Suðurlandsbraut. Náðu lögreglumennirnir ekki tali af ökumanni bifreiðarinnar, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, fyrr en hann stöðvaði hana við söluturn í Álfheimum rétt við Langholtsveg. Kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við lögreglubifreiðina, en kvaðst hafa ekið alla fyrrgreinda leið á 50 km hraða miðað við klukkustund. Var einn farþegi í bifreiðinni og staðfesti hann einnig að henni hefði aldrei verið ekið hraðar en 50 km miðað við klukkustund. Vitnið kvað að rigning hefði verið er aksturinn átti sér stað og akbraut blaut.

Er vitnið kom fyrir dóm út af málinu 11. mars sl. kvað það sig ráma í mál þetta, en treysti sér ekki til að skýra sjálfstætt frá atburðum. Vitnið staðfesti ofangreindan framburð sinn.

Baldur Þór Baldursson, Kleifarseli 6, Reykjavík, skýrði svo frá við rannsókn málsins að hann hefði verið farþegi í bifreið ákærða greint sinn. Hafi vitnið og ákærði verið að koma frá Ártúnshöfða og ekið Vesturlandsveg, Miklubraut, Skeiðarvog, Suðurlandsbraut og Álfheima að „sjoppu“, sem þar er. Voru þeir aðeins tveir í bifreiðinni, enda væri hún ekki nema tveggja

manna. Taldi vitnið að hraði bifreiðarinnar greinda leið hefði aldrei farið yfir 50 km miðað við klukkustund, og kvaðst vitnið hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar.

Er vitnið kom fyrir dóm út af málinu 11. mars sl., kvaðst það vissst um að hraði bifreiðar ákærða umrætt sinn hefði verið 50 km miðað við klukkustund vestur Ártúnsbrekkuna og Miklubraut að Skeiðarvogi. Kvaðst vitnið hafa verið komið inn í „sjoppuna“ í Álfheimum er lögreglan kom þangað, og giskaði vitnið á að liðið hafi 10-15 sekúndur eða allt upp í hálfa mínútu frá því bifreið ákærða kom þangað þar til lögreglan kom.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Reykjavík hinn 29. október 1985 vegna máls þessa. Hinn 13. nóvember s.á. var honum boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, en því boði hafnaði hann. Sama dag var bráðabirgðaökuleyfissviptingin felld úr gildi með vísan til 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Vegna rannsóknar máls þessa var hraðamælir lögreglubifreiðarinnar R-20024 prófaður hinn 19. nóvember 1985 á flugbraut á Reykjavíkurflugvelli. Fór prófunin þannig fram að lögreglumaðurinn Karl Gíslason ók lögreglubifreiðinni, en Sigurjón Bjarnason bifreiðaeftirlitsmaður las af hraðamæli hennar. Tveir lögreglumenn mældu síðan hraða bifreiðarinnar með ratsjá. Fyrst var bifreiðinni ekið með 80 km hraða og sýndi þá ratsjain 80 km. Síðan var bifreiðinni ekið með 130 km hraða og sýndi ratsjain þá 128 km. Prófun þessa hafa framangreindir Karl Gíslason og Sigurjón Bjarnason staðfest fyrir dómi.

Svo sem að framan er rakið gætir verulegs ósamræmis milli annars vegar framburðar þriggja lögreglumanna og framburðar ákærða og vitnisins Baldurs Þórs Baldurssonar hins vegar um hver hraði bifreiðarinnar R-67546 hafi verið á vegarkaflanum frá Nesti í Ártúnsbrekku að Skeiðarvogi greint sinn. Hafa lögreglumennirnir Smári Jónsson, Sigurður Skagfjörð Steingrímsson og Svavar Kristinsson staðfastlega haldið því fram að þeir hafi ekið á eftir bifreið ákærða í lögreglubifreiðinni R-20024 greinda leið og hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 130 km hraða miðað við klukkustund, en í sundur hafi dregið með bifreiðunum. Tókst lögreglumönnum síðan ekki að ná tali af ákærða fyrr en við Álfheimamarkaðinn þrátt fyrir að höfð hafi verið uppi rauð aðvörunarljós á lögreglubifreiðinni. Ákærði og vitnið Baldur Þór Baldursson hafa á hinn bóginn eindregið haldið því fram að ákærði hafi ekið bifreiðinni greinda vegalengd með 50 km hraða miðað við klukkustund.

Eðli málsins samkvæmt getur hraðamæling sem framkvæmd er með þeim hætti sem hér um ræðir aldrei verið alveg nákvæm. Það er hins vegar mat dómsins að leggja beri framburð lögreglumannanna þriggja til grundvallar í máli þessu og telja með skírskotun til vættis þeirra sannað að ákærði

hafi greint sinn ekið bifreiðinni R-67546 með allt að 130 km hraða miðað við klukkustund umrædda vegalengd. Er framburði ákærða og vitnisins Baldurs Þórs Baldurssonar þar af leiðandi hafnað. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að hraðamælir lögreglubifreiðarinnar hafi ekki verið í lagi er hraðamælingin var framkvæmd, og svo sem áður er frá greint var hann prófaður nokkru seinna og reyndist þá í lagi.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. og 3. mgr., staflíð a 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Svo sem ákærulýsingu er háttað verður ákærði ekki sakfelldur fyrir brot gegn staflíð b 3. mgr. 49. gr. sömu laga, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

III. kafli ákæru.

Með bréfi, dagsettu 22. ágúst 1985, kærði Þorfinnur Egilsson hdl. ákærðu X og Kristján Örn Elíasson fyrir ávisanamisferli. Kvaðst kærandi hafa þann 1. júlí 1985 móttengið ávisun að fjárhæð kr. 22.607,00 sem greiðslu á málskostnaði vegna innheimtu á skuld ákærða Kristjáns Arnar við Bjarna Stefánsson hf. Hafi ávisunin verið innistæðulaus og kærandi þurft að leysa hana til sín 19. næsta mánaðar. Hinn 8. júlí 1985 kvaðst kærandi svo hafa móttengið aðra ávisun að fjárhæð kr. 43.180,00 sem greiðslu á skuld ákærða Kristjáns Arnar við Bjarna Stefánsson hf. Hafi ávisun þessi einnig verið innistæðulaus og umbjóðandi kæranda, Bjarni Stefánsson hf., þurft að innleysa hana 16. sama mánaðar.

Kærandi kvað ávisanirnar gefnar út á ávisanareikning nr. 8998 í Iðnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, og eiganda reikningsins vera ákærðu X. Hafi ákærði Kristján Örn útfyllt ávisanirnar á skrifstofu kæranda en meðákærða X ekki verið viðstödd. Kvaðst kærandi nokkrum sinnum hafa óskað símleiðis eftir því við ákærðu að þau greiddu ofangreindar ávisanir, en það hafi ekki borið árangur þrátt fyrir gefin loforð.

Samkvæmt gögnum málsins var ávisun sú sem fyrr getur, nr. 1728381, sýnd í Iðnaðarbankanum 1. júlí 1985, en innstæða þá ekki talin næg. Hin ávisunin, nr. 1728382, var sýnd í bankanum 8. júlí 1985 og innstæða þá ekki talin fyrir hendi á umræddum ávisanareikningi.

Við rannsókn málsins kannaðist ákærða X við að hafa verið handhafi ávisanareiknings nr. 8998 við Iðnaðarbanka, aðalbanka, þar til 16. júlí 1985 að honum var lokað vegna misnotkunar. Kannaðist ákærða við að hafa undirritað ofangreindar ávisanir en kvað eiginmann sinn, ákærða Kristján Örn, hafa fyllt þær út að öðru leyti. Kvað ákærða að sér hafi ekki verið kunnugt um fyrr en síðar að meðákærði hefði gefið út ávisanir á fyrrgreindar fjárhæðir.

Fyrir dómi kannaðist ákærða við að hafa gefið út ávisanir þær sem

greinir í ákærukafla þessum á ávísanareikning sinn nr. 8998 við Iðnaðarbanka Íslands án þess að fjárhæðir ávísananna væru tilgreindar. Kvaðst ákærða hafa haldið að innstæða væri á reikningnum, en ekki hafa athugað hve há hún var.

Ákærði Kristján Örn kannaðist við rannsókn málsins við að hafa fyllt út ofangreindar ávísanir að öðru leyti en því að eiginkona hans, meðákærða í málinu, hafi undirritað þær, enda hafi hún verið eigandi ávísanareikningsins. Kvaðst ákærði hafa afhent kæranda ávísanirnar báðar sama daginn, en ekki með viku millibili eins og fram komi í kærubréfinu.

Ákærði kvað að er ávísanirnar voru ritaðar hefði verið í gildi yfirdráttarheimild milli eiganda ávísanareikningsins og Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 500.000,00. Kvað ákærði að með hliðsjón af því hefði átt að vera hægt að innleysa tékkana. Kvað ákærði að samið hefði verið skriflega milli bankans og meðákærðu um yfirdráttarheimild að fjárhæð kr. 200.000,00 og munnlega um 300.000,00 krónur til viðbótar.

Við meðferð málsins kannaðist ákærði við að hafa útfyllt ávísanir þær sem um ræðir í ákærukafla þessum og notað þær á þann hátt sem í ákær-unni greinir. Kvað ákærði dagsetningum og fjárhæðum ávísananna rétt lýst í ákæruskjali. Ákærði kvað að ávísanareikningurinn sem meðákærða X var með hjá Iðnaðarbankanum hefði verið með skriflega yfirdráttarheimild upp á 200.000,00 krónur og sams konar munnlega heimild upp á 300.000,00 krónur til viðbótar, er hann innti nefndar greiðslur af hendi með ávísunum.

Með bréfi, dagsettu 17. febrúar 1986, fór rannsóknarlögregla ríkisins þess á leit við Iðnaðarbanka Íslands að bankinn upplýsti hvort yfirdráttarheimild hefði verið á ávísanareikningi ákærðu X, nr. 8998, í júlímánuði 1985.

Bréfi þessu svaraði bankinn með óundirrituðu bréfi, dagsettu 4. mars sama ár. Í svari bankans kemur fram að ofangreindur reikningur hafi ekki verið með yfirdráttarheimild í júlímánuði 1985.

Við meðferð málsins var af hálfu ákærða Kristjáns Arnar lagt fram ljósrit af bráðabirgðaheimild meðákærðu X til yfirdráttar á hlaupareikningi nr. 8998 við Iðnaðarbankann allt að kr. 200.000,00. Heimild þessi er gefin út 1. júlí 1985 og í gildi til 8. júlí sama ár.

Í tilefni af þessu var Helgi Eliasson, útibússtjóri við Iðnaðarbankann, kvaddur fyrir dóminn sem vitni og kannaðist vitnið við að hafa gefið ofangreinda bráðabirgðaheimild út.

Í bréfi Iðnaðarbankans, dagsettu 26. f.m., kemur m.a. fram að upplýsingar þær sem sendar voru rannsóknarlögreglu ríkisins um að ávísanareikningi ákærðu X hafi verið lokað 6. júlí 1985 hafi verið rangar og að reikningnum hafi ekki verið lokað fyrr en 16. júlí 1985.

Er fyrri ávísunin er mál þetta varðar, nr. 1728381, að fjárhæð kr. 22.606,00, var gefin út 1. júlí 1985 var innstæða á margnefndum ávísana-reikningi ákærðu X samkvæmt reikningsyfirliti neikvæð um 28.482,45 krónur, en er síðari ávísunin, nr. 1728382, var gefin út 8. júlí sama ár var innstæða á reikningnum jákvæð um 192.371,75 krónur.

Svo sem fram er komið í málinu var í gildi skrifleg bráðabirgðaheimild til yfirdráttar á ávísanareikningi ákærðu X að fjárhæð kr. 200.000,00 frá 1. til 8. júlí 1985.

Verður því að telja af gögnum málsins að útgáfa hinna tveggja ávísana sem mál þetta varða hafi verið heimil.

Samkvæmt framansögðu eru ákærðu sýknuð af ákæru um brot gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933.

Ákærða Bára Helga Bjarnadóttir hefur samkvæmt sakavottorði eigi sætt refsingu og ákærða X hefur einu sinni sæst á sektargreiðslu vegna umferðarlagabrots en eigi sætt refsingu að öðru leyti.

Ákærði Kristján Örn Elíasson hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 2/7 Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54, 1976.

1976 6/12 Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

1978 2/10 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. og 50. gr. umferðarlaga.

1980 30/7 Reykjavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

1983 23/11 Reykjavík: Dómur: 16.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr., 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 1 ár frá 15.12. 1982.

1985 30/7 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 73. gr. laga nr. 94, 1933.

Ákærði Kristján Örn Elíasson hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 54. gr. höfundalaga nr. 73, 1972, sbr. 5. gr. laga nr. 78, 1984 og 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og þykir hún hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en afplánist ella með varðhaldi 15 daga.

Þá þykir ákærði hafa unnið sér til ökuleyfisviptingar vegna þeirrar háttsemi hans sem fjallað er um í II. kafla ákæru þessarar, sbr. 81. gr. umferðarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuleyfi 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Rétt þykir, samkvæmt heimild í 3. mgr. 81. gr. um-

ferðarlaganna, að sá tími sem ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða vegna máls þessa, þ.e. frá 29. október til 13. nóvember 1985, komi til frádráttar sviptingunni. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga, sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála frestar áfrýjun eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Um upptöku- eða ónýtingarkröfu ákæruvaldsins samkvæmt I. kafla ákærunnar hefur verið fjallað hér að framan.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 ber að leggja sakarkostnað vegna ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur og X á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðra verjenda þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hrl. og Gústafs Þórs Tryggvasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 12.000,00 krónur til hins fyrrnefnda en 10.000,00 krónur til hins síðarnefnda.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. sömu laga þykir rétt að dæma ákærða Kristján Örn Eliasson til greiðslu 2/3 hluta sakarkostnaðar í máli þessu, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 20.000,00 krónur, en ríkissjóð til greiðslu 1/3 hluta kostnaðarins.

Dómarinn getur þess, að hann tók við rekstri máls þessa 1. desember sl., en hefur engin afskipti haft af því fyrir þann tíma.

D ó m s o r ð:

Ákærða X á að vera sýkn af ákæru í máli þessu.

Ákærða Bára Helga Bjarnadóttir er sýknuð af refsikröfu í máli þessu.

Ákærði Kristján Örn Eliasson greiði 25.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 15 daga.

Ákærðu Bára Helga Bjarnadóttir og Kristján Örn Eliasson sæti fyrir hönd Nýju Vídeóleigunnar sf., Grensásvegi 5, Reykjavík, ónýtingu 51 myndbands og myndbandahylkis nr. 1-33 og 35-48 og myndbandahylkis nr. 34, sbr. I. kafla ákæru þessarar.

Ákærði Kristján Örn Eliasson er sviptur ökuleyfi 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja, en bráðabirgðaökuleyfissvipting ákærða frá 29. október til 13. nóvember 1985 komi til frádráttar réttindasviptingunni. Áfrýjun frestar eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur, þ.m.t. málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 12.000,00, og ákærðu X, þ.m.t. málsvarnarlaun Gústafs Þórs Tryggvasonar hdl., kr. 10.000,00, greiðist úr ríkissjóði. Sakarkostnaður ákærða Kristjáns Arnar Eliassonar, þ.m.t. málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 20.000,00, greiðist að 2/3 af ákærða, en að 1/3 úr ríkissjóði.